150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 1186 — 586. mál.

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um ótímabær dauðsföll.

1. *Hve margir hafa látist hér á landi vegna afstýranlegra orsaka, þ.e. atvika sem hefði mátt koma í veg fyrir, á ári hverju sl. 10 ár?*

Tölur um dánartíðni og dánarmein byggjast á dánarmeinaskrá sem embætti landlæknis ber lögum samkvæmt að halda. Skráin byggist á dánarvottorðum þar sem tilgreindir eru sjúkdómar, áverkar og kringumstæður sem valdið hafa dauða einstaklinga með lögheimili á Íslandi. Eru dánarmein skráð skv. 10. útgáfu alþjóðlegrar tölfræðiflokkunar sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála, ICD-10. Nýjustu tölur ná yfir árið 2018 en nýjar tölur úr dánarmeinaskrá eru jafnan gefnar út á vormánuðum hvers árs.

Unnt er að flokka dánarmein með ýmsum hætti. Efnahags- og framfarastofnunin (e. OECD), framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (e. European Commission) og Hagstofa Evrópusambandsins (e. EUROSTAT) hafa gefið út ítarlega skilgreiningu á því hvaða ICD-10 sjúkdómsgreiningar falla undir ótímabær dauðsföll. Þar er ótímabærum dauðsföllum skipt í tvennt og eru þessar skilgreiningar hafðar til hliðsjónar hér, annars vegar afstýranlegar dánarorsakir (e. preventable mortality) og hins vegar læknanlegar dánarorsakir (e. treatable mortality).

Afstýranlegar dánarorsakir eru skilgreindar sem dánarorsakir vegna heilbrigðisvanda hjá fólki sem er yngra en 75 ára sem mögulega hefði mátt koma í veg fyrir, t.d. með öflugu lýðheilsustarfi og heilsugæsluþjónustu.

Upplýsingar í eftirfarandi töflu koma frá embætti landlæknis og sýna fjölda afstýranlegra dánarorsaka á ári hverju síðastliðin tíu ár:

Ár	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Afstýranlegar dánarorsakir	301	312	300	291	309	289	315	344	339	322
Á 100.000 íbúa 0-74 ára	100,0	104,2	99,9	96,5	101,3	93,7	101,3	109,1	104,9	97,0
Allar dánarorsakir	2002	2019	1988	1955	2158	2048	2184	2309	2238	2252

2. *Hversu margir hafa látist hér á landi vegna læknanlegra orsaka, þ.e. sjúkdóma sem undir eðlilegum kringumstæðum hefði mátt meðhöndla, á ári hverju sl. 10 ár?*

Læknanlegar dánarorsakir eru skilgreindar sem dánarorsakir vegna sjúkdóma hjá fólki sem er yngra en 75 ára sem mögulega hefði mátt meðhöndla með öflugri og skilvirkri heilbrigðisþjónustu.

Upplýsingar í eftirfarandi töflu koma frá embætti landlæknis og sýna fjölda læknanlegra dánarorsaka, á ári hverju síðastliðin tíu ár:

Ár	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Læknanlegar dánarorsakir	139	134	129	133	147	140	161	150	151	171
Á 100.000 íbúa 0-74 ára	46,2	44,7	43,0	44,1	48,1	45,3	51,8	47,6	46,7	51,5
Allar dánarorsakir	2002	2019	1988	1955	2158	2048	2184	2309	2238	2252

3. *Hversu margir hafa látist vegna læknamistaka á ári hverju sl. 10 ár?*

Læknamistök falla undir ICD-10 kóðana Y60-Y69 – Óhappatilvik meðan á lyflæknisfræðilegri og handlæknisfræðilegri meðferð stendur. Á árunum 2009–2018 lést einn einstaklingur vegna óhappatilviks í læknismeðferð.

4. *Hvaða dánarorsakir hafa valdið þessum dauðsföllum, flokkað eftir tegund og fjölda á ári hverju sl. 10 ár?*

Í eftirfarandi töflu má sjá upplýsingar um afstýranlegar dánarorsakir síðastliðin tíu ár, greint eftir sjúkdómum eða ytri orsökum:

Sjúkdómur eða ytri orsök	ICD-10	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Smit og sníklasjúkdómar	A00-B99	1	1	1	2	1	1	1	0	0	3
Æxli	C00-D48	112	133	129	124	116	130	114	134	133	110
Innkirtla-, næringar- og efnaskiptasjúkdómar	E00-E90	6	3	2	3	7	3	3	4	4	7
Geðraskanir og atferlisraskanir	F00-F99	3	2	5	4	9	1	7	7	8	5
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	G00-H95	0	1	2	1	1	0	0	0	1	0
Sjúkdómar í blóðrásarkerfi	I00-I99	55	57	54	53	53	53	59	46	55	58
Sjúkdómar í öndunarfærum	J00-J99	31	24	23	22	23	17	27	40	32	25
Sjúkdómar í meltingarfærum	K00-K93	5	3	3	4	3	4	11	7	10	8
Ytri orsakir áverka og eitrana	V01-Y89	88	89	81	79	97	80	93	107	97	107
Samtals		301	312	300	291	309	289	315	344	339	322

Í eftirfarandi töflu má sjá upplýsingar um læknanlegar dánarorsakir síðastliðin tíu ár, greint eftir sjúkdómum eða ytri orsökum:

Sjúkdómur eða ytri orsök	ICD-10	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Smit og sníklasjúkdómar	A00-B99	0	3	2	5	2	3	2	0	2	2
Æxli	C00-D48	55	45	51	52	58	63	77	72	56	72
Innkirtla-, næringar- og efnaskiptasjúkdómar	E00-E90	6	3	2	4	7	4	3	4	4	7
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	G00-H95	3	3	2	3	5	1	3	7	4	4
Sjúkdómar í blóðrásarkerfi	I00-I99	60	60	56	54	56	53	61	51	64	66
Sjúkdómar í öndunarfærum	J00-J99	7	7	8	8	8	9	3	12	5	11
Sjúkdómar í meltingarfærum	K00-K93	2	3	2	1	3	1	4	3	6	2
Sjúkdómar í þvag- og kynfærum	N00-N99	0	0	1	0	1	0	1	0	0	1
Fylgikvillar þungunar, barnsburðar og sængurlegu	O00-O99	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0
Tilteknir kvillar með upphaf á burðarmálsskeiði	P00-P96	4	4	1	2	4	3	6	1	9	3
Meðfæddar vanskapanir og litningafrávik	Q00-Q99	1	4	3	1	4	2	1	1	1	0
Ytri orsakir áverka og eitrana	V01-Y89	1	3	0	4	0	1	0	0	1	4
Samtals		139	134	129	133	147	140	161	150	151	171